



## 2. Stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2025 - 2027

Mánudagur 7. apríl 2025 kl. 17:00

Mætt til fundar: Kristinn Albertsson formaður sem stýrir fundi, Guðrún Kristmundsdóttir (GK), Herbert Arnarson (HA), Einar Hannesson (EH), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK), Ágúst Angantýsson (ÁÁ), Jón Bender (JB) Hugi Halldórsson (HH) og Margrét Kara Sturludóttir (MKS)

Sigríður Sigurðarsdóttir (SS) í fjarfundarbúnaði

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn og ritaði fundargerð

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt og búið að birta á kki.is

### 2. Opin mál/verkefni frá síðasta stjórnarfundum

Engin fyrir utan þau sem er dagskrá fundarsins.

### 3. Verkaskipting stjórnar, nefndarskipan og dagatal stjórnarfunda

fyrsti varaformaður: Herbert Arnarson

annar varaformaður: Guðrún Kristmundsdóttir

gjaldkeri: Einar Hannesson

Farið yfir tilnefningar í fastanefndir, tilnefningar samþykktar. KA og HSJ falið að klára tilnefningar og upplýsa stjórn þegar því er lokið

Farið yfir dagatal stjórnarfundar fyrir næstu tólf mánuði, hugsanlega verða fleiri fundir en þeir sem eru bókaðir núna.

### 4. Yfirferð framkvæmdastjóra á ýmsum málum frá síðasta stjórnarfundum

HSJ fór yfir nokkur mál

### 5. Kynningar/upplýsingar frá nefndum

Formenn nefnda sögðu frá því þau hafa verið að vinna.

## **6. Þingsályktanir frá Körfuknattleiksþingi sem var vísað til stjórnar fyrir utan reglugerð um erlenda leikmenn**

Þingskjal 2.c - úrvalsdeild kvenna/1.d.kvenna, farið yfir umsögn mótanefndar, breytingar verða ekki gerðar fyrir næsta keppnistímabil. Stöðugleiki er mikilvægur í móthaldinu en samþykkt að mótanefnd muni skoða þetta vel næstu mánuði með að leiðarljósi að hugsanlega verði gerðar breytingar fyrir keppnistímabilið 2026/2027

Þingskjal 9 - fjölga leikjum í 1.d.karla og leyfa fleiri en 12 lið í í deildinni, farið yfir umsögn mótanefndar, breytingar verða ekki gerðar fyrir næsta keppnistímabil. Stöðugleiki er mikilvægur í mótahaldinu en samþykkt að mótanefnd muni skoða þetta vel næstu mánuði með það að leiðarljósi að hugsanlega verði gerðar breytingar fyrir keppnistímabilið 2026/2027

Þingskjal 13 – fjölga dómurum í 1.deildunum(þriggja manna kerfi), samþykkt að á næsta keppnistímabili verði dæmt í þriggja manna kerfi í 1.d.karla.

Þingskjal 10 – selja 1.deildirnar, vísað til fjárhags-og markaðsnefndar.

Þingskjal 11 – verðlaunafé í efstu deild, miða við þáttöku í Evrópumótum, vísað til fræðslu-og útbreiðslunefndar

Þingskjal 14 – samstarfssamningur ÍTK Og KKÍ - tekið fyrir á næsta fundi

Þingskjal 6 – reglugerð um aga-og úrskurðarmál - tekið fyrir á næsta fundi

Þingskjal 12 – breytingar á þingi taka ekki gildi strax – tekið fyrir á næsta fundi

## **7. Markaðs- og kynningarmál KKÍ**

Rætt um vefsíðu KKÍ, skrifstofuaðstöðu og merki KKÍ

## **8. Reglugerð vegna erlendra leikmanna**

Nefnd stjórnar fór yfir þá vinnu sem hún hefur unnið undanfarnar vikur. Farið hefur verið yfir mikið af gögnum og skoðað vel reglur í hinum ýmsum löndum Evrópu.

Ákveðið að stjórn hittist aftur á næsta mánudag 14. apríl í gegnum fjarfundarbúnað og haldi umræðum áfram um þetta mál.

## **9. Önnur mál**

Næsti fundur stjórnar verður í fjarfundarbúnaði mánudaginn 14. apríl kl.12:00